

Mánudaginn 30. júní 1947.

Nr. 3/1947.

Vinnuveitendafélag Íslands (Eggert Claessen hrl.)
gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Hlífar (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Deilt um lögmæti samúðarverkfalls.

Dómur:

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi af Vinnuveitendafélagi Íslands gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Hlífar með stefnu dags. 10. þ. m.

Tildróg málsins eru þessi:

Hinn 30. maí s. l. boðaði verkamannafélagið Dagsbrún í Reykjavík Vinnuveitendafélagi Íslands, að það mundi hefja verfall frá og með 7. þ. m., og með bréfi, dags. 4. þ. m., sem barst stefnanda 6. s. m., tilkynnti verkamannafélagið Hlíf í Hafnarfirði honum eftirfarandi samþykkt trúnaðarmannaráðs félagsins:

„Fundur haldinn í trúnaðarmannaráði V.m.f. Hlíf miðvikudaginn 4. júní 1947, samþykkir verkbann á allar vörur eða flutningatæki, sem V.m.f. Dagsbrún í Reykjavík lýsir í bann frá og með 7. júní.

ENN fremur samþykkir fundurinn samúðarvinnustöðvun frá og með 14. júní 1947 eftir því, sem tilefni gefst til hjá eftirtöldum aðiljum: H/f Eimskipafélagi Íslands, Skipaútgerð ríkisins, Reykjavíkurbæ, Vinnuveitendafélagi Íslands.“

Stefnandi telur, að „verkbann“ það, sem umræðir í fyrri hluta samþykktarinnar sé raunverulega samúðarverfall með nefndu verfalli Dagsbrúnar, er hófst 7. þ. m. Nú hafi verkamannafélagið Hlíf tilkynnt það án nokkurs fyrirvara og

bannig brotið gegn ákvæðum 16. gr. laga nr. 80/1938. Þá heldur stefnandi því og fram, að sá galli sé á síðari lið nefndrar samþykktar, að ekki komi nægilega ljóst fram, með hvaða verkfalli sú samúðarvinnustöðvun sé gerð, sem þar er boðuð. Verði því að meta hana ógilda með öllu. Eru dómkröfur stefnanda í málínu þær, að verkbannsboðun sú, er umræðir í fyrra lið samþykktarinnar, verði metin ólögmæt og stefndur dæmdur til greiðslu sektar fyrir brot á 16. gr. laga nr. 80 1938. Þá krefst hann þess, að boðun sú um samúðarverkfall, er felst í síðari lið samþykktarinnar, verði dæmd ógild að öllu leyti. Loks krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Kröfu sína um sýknu byggir stefndi á því, að afgreiðslubann það, er umræðir í fyrra lið samþykktar trúnaðarmannaráðsins, lúti ekki ákvæðum II. kafla laga nr. 80/1938. Auk þess sé samþykktin í fullu samræmi við 18. gr. nefndra laga, þar sem afgreiðslubannið hafi átt að takmarkast við þær tegundir vinnu, sem Dagsbrúnarmenn framkvæmi venjulega í Reykjavík, og miði að því að hindra, að slík vinna verði flutt frá Reykjavík til Hafnarfjarðar. Hafi tilkynning um afgreiðslubannið því í raun og veru verið óþörf.

Þá telur stefndi, að ljóst sé af samþykkt trúnaðarmannaráðsins, að samúðarverkfall það, sem boðað er í síðari lið hennar, sé til stuðnings verkfalli Dagsbrúnar, er hófst 7. þ. m., og komi ekki til mála, að tilkynningin um samúðarverkfallið verði metin ógild.

Af því, sem fram er komið við munnlegan flutning málsins, verður að byggja á því, að stefndi hafi ekki ætlazt til þess, að „verkbann“ það, er hann boðaði stefnanda 4. þ. m., væri viðtækara en svo, að það næði aðeins til þeirrar vinnu, sem félagsmenn í Dagsbrún vinna venjulega. Stefnandi hefur og lýst yfir því, að hann hafi ekki lagt viðtækari merkingu í „verkbannið“. Að þessu athuguðu verður ekki talið, að verkbannstilkynning Hlífar gangi lengra en 18. gr. laga nr. 80/1938 heimilar, og var hún því nægilega boðuð. Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda af dómkröfum stefnanda að þessu leyti.

Enda þótt ekki sé tekið fram berum orðum í síðari lið oft-nefndrar trúnaðarmannaráðssamþykktar, að samúðarvinnustöðvun Hlífar sé til stuðnings verkfalli verkamannafélagsins

Dagsbrúnar, þá verður að telja, að stefnanda hafi, af samhengi síðara liðs samþykktarinnar við þann fyrri, mátt vera nægilega ljóst, að sú var tilætlunin. Ber því einnig að sýkna stefnda af kröfum stefnanda að því er þetta málsatriði snertir.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, er ákveðst kr. 250.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Hlifar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Vinnuveitendafélags Íslands, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 250.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.